

Nd.

330. Frumvarp til laga

[157. mál]

um breyting á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við lögín bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara um húsmæðraskóla skulu enn fremur taka til kennara-launa og rekstrarkostnaðar kvennaskóla Þjóðkirkju Íslands að Löngumýri í Skagafirði, enda sé námsskrá hans samþykkt af fræðslumálastjórninni. Til rekstrarkostnaðar skólans telst hæfileg húsaleiga fyrir þær húseignir skólans, sem eru eign kirkjunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ungfrú Ingibjörg Jóhannsdóttir, eigandi og skólastjóri skólans að Löngumýri, hefur 6. marz síðastliðinn skrifað biskupi Íslands sem hér segir:

„Herra biskup Íslands.

Ég undirrituð vil gefa Þjóðkirkju Íslands öll hús tilheyrandi einkaskóla mínum að Löngumýri í Skagafirði að undanskildum helmingi gamals timburhúss, en sá helmingur er eign systur minnar. Húsunum fylgir húsbúnaður allur, kennslutæki, bókasafn og annað það, sem við kemur skólahaldi, eins og það er nú. Undan gjöfinni eru þó skildir ýmsir gamlir gripir og bækur, sem haldizt hafa í ætt minni um langt árabí, en um muni þessa mun ég gera sérstaka skrá, sem afhent verður sóknarprestinum í Glaumbæ til varðveizlu. Skólahúsinu skal og fylgja skruðgarður skólans og trjárækt, ásamt 2—3 hekturum lands, er nánar verða staðsettir, er gjöfin verður afhent, þ. e. 1. júní 1958.

Skilyrði fyrir því, að gjöf þessi sé látin af hendi, eru sem hér segir:

1. Þjóðkirkja Íslands skuldbindi sig til þess að starfrækja framvegis á Löngumýri húsmæðraskóla eða verknámsskóla gagnfræðastigsins fyrir ungar stúlkur, þar sem lögð verði aðaláherzla á að reyna að þroska kristilega siðmenningu nemandanna og vekja áhuga þeirra á fögrum bókmenntum og öðru því, er til eflingar mannkosta horfir, jafnframt því sem haldið sé þar uppi hagnýtri, verklegri fræðslu.
2. Skólahúsin verði notuð í þágu kristilegra málefna allt árið, eftir því sem við verður komið og henta þykir á hverjum tíma.
3. Þjóðkirkjan skuldbindi sig til þess að sjá um, að skruðgarður skólans og trjárækt séu vel hirt og girðingar komi í veg fyrir ágang.
4. Þjóðkirkjan taki að sér greiðslu láns, sem 1. veðréttur er fyrir í nýjasta húsi skólans samkvæmt veðbréfi, dags. 14. janúar 1957, að upphæð kr. 120000.00. Ég mun hins vegar halda Þjóðkirkjunni skaðlausri af öðrum veðböndum á húsum þeim, sem ég læt af hendi skv. framanrituðu.
5. Ég áskil mér og samkennara mínum, Björgu Jóhannsdóttur, rétt til þess að hafa með höndum kennslu við skólann, meðan við óskum og erum að lögum hæfar til þess. Enn fremur áskil ég okkur rétt til að búa í húsum skólans endurgjaldslaust, svo lengi sem við óskum þess. Loks áskil ég mér að njóta, meðan ég lifi, arðs af einu herbergi í skólahúsinu, sem leigt er Flugfélagi Íslands h/f.“

Biskup telur æskilegt, að Þjóðkirkja Íslands veiti gjöf þessari viðtöku og starfræki kirkjulegan skóla á Löngumýri, svo framarlega sem kirkjan getur haft til þess fjárhagslega aðstöðu, en frumvarp þetta styður að henni. Er það auðsætt, að kirkjunni, sem ríkið á samkvæmt stjórnarskránni að vernda og styrkja, getur ekki borið minni réttur til skólahalds en einstaklingum.